

Lög

Nr. 20.
2. júní.

um

niðurlagning Njarðvíkur kirkju og sameining Keflavíkur og
Njarðvíkursókna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Keflavíkursókn í Útskálaprestakalli og Njarðvíkursókn, sem einnig að lögum er sameinuð því prestakalli, skulu eftirleiðis vera ein sókn með sóknarkirkju í Keflavík.

2. gr.

Njarðvíkurkirkju skal leggja niður sem sóknarkirkju og afhenda sóknarnefnd hinnar sameinuðu sóknar án ofanálags, en með hálfum sjóði hennar, eins og hann var í árslok 1914, en hálfum sjóði hennar mega kirkjueigendur verja kirkjuhúsinu til viðhalds, til afnota við jarðarfarir meðan kirkjugarði er haldið við, alt samkvæmt samningi, sem um það hefir verið gerður við eigendurna.

3. gr.

Það, sem hefir aukist við sjóð Njarðvíkurkirkju síðan í árslok 1914, rennur óskift í sjóð Keflavíkurkirkju, og til hans skulu eftirleiðis greidd sóknargjöld Njarðvíkurkirkju, en ekki skulu gjaldendur þeirrar sóknar, til ársloka 1924, skyldir að greiða meira en nú lögboðin sóknargjöld, þó að aukagjöld yrði lögð á í Keflavíkursókn.

4. gr.

Þangað til Kálfatjarnarprestakall legst niður og Njarðvíkursókn til Útskálaprestakalls, fer um embættisgerðir í Keflavíkurkirkju eftir því samkomulagi, sem á hefir komist milli prestanna á Útskálum og Kálfatjörn.

5. gr.

Um önnur atriði en hjer er greint, fer um sameining þessa eftir sammingi safnaða og sóknarnefnda, samkvæmt fundargerðum, er að því lúta.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. júní 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jon Magnússon.